

ÁTAK Í FRIÐLÝSINGUM 2018-2021

Skýrsla Umhverfisstofnunar um átak
í friðlýsingum 2018-2021





Heiti skýrslu: Átak í friðlýsingum 2018-2021

Útgáfunúmer: UST-2022:06

Mánuður, ár: nóvember 2022

Ábyrgðamaður: Þórdís Björt Sigþórsdóttir,

teymi friðlýsinga og áætlana

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Forsíðumynd: Unsplash

Aðrar myndir: Unsplash og Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591-2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is

EFNISYFIRLIT

Friðlýsingar.....	4
Friðlýsingarferlið.....	5
Átak í friðlýsingum.....	6
Tímalína.....	7
Rammaáætlun.....	8
Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar.....	9
Náttúruverndaráætlanir.....	11
Nýjar friðlýsingar.....	12
- Akurey	
- Goðafoss	
- Geysissvæðið	
- Þjórsárdalur	
- Kerlingarfjöll	
- Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá	
- Látrabjarg	
- Lundey	
- Stóruð	
- Fitjaá	
- Gerpissvæðið	
- Drangar	
Stækkun friðlýstra svæða.....	25
- Varmárósar	
- Hlið	
- Garðahraun	
- Flatey	
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	
Hvað tekur við eftir friðlýsingu.....	31
Lokaorð.....	32



UMHVERFIS
STOFNUN

FRIDLÝSINGAR

Á Íslandi eru 133 friðlýst svæði og af þeim eru um 120 í umsjón Umhverfisstofnunar. Með friðlýsingu tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru. Ósnortin náttúra er takmörkuð auðlind, auðlind sem á heimsvísu fer þverrandi. Með friðlýsingu er stuðlað að vernd íslenskrar náttúru til framtíðar auk þess að ná fram auknu þoli vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Friðlýsing getur einnig haft jákvæð efnahagsleg áhrif þar sem friðlýst svæði hafa oft mikið aðdráttarafl og eru í mörgum tilfellum helstu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi.


Ákvörðun um friðlýsingu byggir ráðherra á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta) eða verndarflokki rammaáætlunar. Ráðherra er einnig heimilt að ákveða friðlýsingu annarra svæða sem hafa t.d. verið tilnefnd af landeigendum eða sveitarfélögum.

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Ferli friðlýsinga er þannig háttað að þegar tillaga að svæði til friðlýsingar liggur fyrir og samþykkt er að hefja vinnu við undirbúning friðlýsingar er settur saman samstarfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að afmörkun og tillögu að friðlýsingarskilmálum svæðisins. Samstarfshópurinn er skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarfélags, landeigenda og annarra eftir því sem þurfa þykir. Ef svæðið er ekki á náttúruverndaráætlun eða framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár fer fram opinber 4 vikna kynning um áform um friðlýsingu. Þar gefst almenningi kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir um áformin. Að kynningartíma loknum er tekin saman opinber umsögn um framkomnar athugasemdir sem er send ráðherra. Í kjölfarið er unnin tillaga að friðlýsingarskilmálum í samráði við hagsmunaaðila sem fara í 6 vikna opinbera kynningu. Allar friðlýsingar eru háðar staðfestingu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



FRÍÐLÝSINGARFERLIÐ

hvernig er friðlýsingarferlinu háttað?



TILLAGA AÐ
FRÍÐLÝSINGU




SKIPUN
SAMSTARFSHÓPS




ÁFORM UM TILLÖGUNA
KYNNT Í 4 VIKUR/SAMRÁÐ



SAMRÁÐ VIÐ
HAGSMUNAAÐILA



TILLAGA UNNIN
AÐ FRÍÐLÝSINGARSKILMÁLUM



KYNNINGARFERLI
6 VIKUR/SAMRÁÐ



LOKAÁKVÖRÐUN
RÁÐHERRA



ÁTAK Í FRIÐLÝSINGUM

Átak í friðlýsingum 2018-2021

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar 2018-2021 var kveðið á um átak í friðlýsingum. Haustið 2018 var sett saman teymi með fulltrúum frá Umhverfisstofnun og þ.v. umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Átakið fól m.a. í sér vinnu að friðlýsingum svæða á náttúruverndaráætlunum, svæðum í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar, svæði undir álagi ferðamanna og stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Að auki bárust tillögur að friðlýsingum frá heimafólki og sveitastjórnnum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri vinnu sem var unnin í átakinu.

➤ 14 ný svæði friðlýst
➤ 8 svæði friðlýst gegn orkuvinnslu
➤ 5 friðlýst svæði stækkuð

Meðal þeirra svæða sem friðlýst voru á grundvelli átaksins voru 14 virkjunarkostir í verndarflokki rammaáætlunar. Auk þess voru friðlýst svæði á borð við Geysi í Haukadal, Godafoss í Skjálfandafljóti, Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ, Látrabjarg á Vestfjörðum, Kerlingarfjöll á miðhálandinu og Drangar á Ströndum.


TÍMALÍNA

Friðlýsingar unnar í átaki í friðlýsingum sýndar eftir árum


2019



2020



2021



- Ný svæði friðlýst ●
- Stækkun á friðlýstu svæði ●
- Rammafriðlýsing ●



RAMMAÁÆTLUN

Í janúar **2013** var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, svokölluð rammaáætlun.

Umhverfisstofnun var falið það hlutverk að undirbúa friðlýsingu þeirra svæða sem flokkuð eru í verndarflokk samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Umhverfisstofnun hóf í upphafi árs 2013 vinnu við að leggja grunn að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki.

Undirbúningsvinnan fólst m.a. í: að draga fram áherslur og sérstöðu verndarflokks rammaáætlunar, leiðbeiningar til starfsfólks, gerð verkferils og kynningarbréfa, samráðsfundum vegna afmörkun svæða o.s.frv. Í lok ársins 2013 var vinnan sett á bið og var ástæðan fyrst og fremst sú að fjárveiting til Umhverfisstofnunar vegna verkefnisins var felld niður í fjárlögum ársins **2014**.

Ekki var gert ráð fyrir fjárveitingu vegna friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar í fjárlögum fyrir árið **2015**, **2016** eða **2017**.

Friðlýsingarverkefni í tengslum við rammaáætlun voru því að mestu í bið á þessum árum en lítils háttar vinna átti sér stað.

Í sáttmálanum um *áttak í friðlýsingum* var sérstaklega kveðið á um friðlýsingu svæða í verndarflokki rammaáætlunar. Í núgildandi rammaáætlun ([frá 2013](#)) eru 20 virkjanakostir á 12 landsvæðum í verndarflokki sem ber að friðlýsa. Svæðin skulu friðlýst gegn orkuvinnslu og taka friðlýsingarskilmálar ekki til annarra atriða.

Friðlýsing svæðanna var unnin í samræmi við málsmeðferð náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun kynnti friðlýsingarskilmálana og landfræðilega afmörkun viðkomandi svæða sem unnin var á vegum þ.v. umhverfis- og auðlindaráðuneytis og setti í opið þriggja mánaða kynningar- og umsagnarferli.



FRIÐLÝSINGAR Á GRUNDEVELLI RAMMAÁÆTLUNAR




14 virkjunarkostir af þeim **20** sem eru í verndarflokki rammaáætlunar hafa verið **friðlýstir gegn orkuvinnslu** í átaki í friðlýsingum og var fyrsta svæðið, Jökulsá á fjöllum, friðlýst í ágúst 2018. Auk hinna 14 virkjanakosta sem hafa verið friðlýstir hefur tillaga að friðlýsingu virkjunarkosta í Markarfljóti verið vísað til ráðherra (júní 2019) til staðfestingar en hefur ekki verið staðfest þegar þessi skýrsla er gefin út.

- | | |
|--|---|
| 1. Jökulsá á Fjöllum - Arnardalsvirkjun | 11. Hvítá í Árnessýslu |
| 2. Jökulsá á Fjöllum - Helmingsvirkjun | 12. Brennisteinsfjallasvæði - Brennisteinsfjöll |
| 3. Djúpa, Fljótshverfi - Djúpárvirkjun | 13. Hengilssvæði - Bitra |
| 4. Hólmsá - Hólmsárvirkjun við Einhyrning | 14. Hengilssvæði - Grændalur |
| 5. Markarfljót - Markarfljótsvirkjun A | 15. Geysissvæði - Geysir |
| 6. Markarfljót - Markarfljótsvirkjun B | 16. Kerlingarfjallasvæði - Hverabotn |
| 7. Tungnaá - Tungnárlón | 17. Kerlingarfjallasvæði - Neðri - Hveradalir |
| 8. Tungnaá - Bjallavirkjun | 18. Kerlingarfjallasvæði - Kisubotnar |
| 9. Þjórsá - Norðlingaölduveita | 19. Kerlingarfjallasvæði - Þverfell |
| 10. Jökulfall í Árnessýslu - Gýgjarfossvirkjun | 20. Gjástykkissvæði - Gjástykki |




NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLANIR

Með samþykkt náttúruverndaráætlunar koma fram áherslur Alþingis og umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Í maí 2004 var náttúruverndaráætlun 2004-2008 samþykkt þar sem lagt var til að hefjast handa við friðlýsingu **15 svæða**. Í febrúar 2010 var náttúruverndaráætlun 2009-2013 samþykkt þar sem lagt var til að hefjast handa við friðlýsingu **12 svæða** sem ætlað var að stuðla að traustari verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd. Jafnframt var gert ráð fyrir að haldið yrði áfram með friðlýsingu þeirra sem voru á fyrri áætlun (2004-2008), sem enn höfðu ekki verið friðlýst. Í skýrslu Umhverfisstofnunar til umhverfisstofnunar um friðlýsingar 2012 kemur fram að aðeins **3** svæði af þeim **15** sem fyrsta náttúruverndaráætlunin (2004-2008) tók til hafi verið friðlýst og aðeins **3** svæði af þeim **14** sem tilnefnd voru til viðbótar á náttúruverndaráætlun (2009-2013). Ljóst er að ekki tókst nægilega vel til á þessum árum að framfylgja áherslum Alþingis og kemur fram í skýrslunni að *naudsynlegt sé að endurskoða áætlunargerðina sjálfa*. Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar á árinu 2013 kemur fram að á árinu voru undirritaðar fjórar friðlýsingar, þrjú ný svæði voru friðlýst og ein friðlýsing var endurskoðuð. Sama ár var samþykkt á Alþingi þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar á árinu 2014 kemur fram að flest friðlýsingarverkefni voru sett í bið þar sem fjárveiting til friðlýsinga, bæði á grundvelli náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar, var felld niður árið 2014. Engin ný svæði voru friðlýst á árinu 2015 samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar árið 2015 og kemur fram að fjárveiting til friðlýsinga, bæði á grundvelli náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar, var felld niður í fjárlögum árið 2015. Friðlýsingar voru að mestu í bið á árinu 2016 samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar, en áfram var unnið að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs og viðræður um undirbúning að friðlýsingu Geysis hófust. Í skýrslu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar árið 2017 kemur fram að vinnu var haldið áfram við eldri friðlýsingarverkefni á árinu en önnur friðlýsingarverkefni hafi að mestu leyti verið í bið á árinu 2017 líkt og árið 2016 þar sem fjárveitingar til friðlýsinga á grundvelli náttúruminjaskrár/náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar voru felldar niður.



NÝJAR FRIÐLÝSINGAR



Í ÁTAKI Í FRIÐLÝSINGUM VORU

12 NÝ SVÆÐI FRIÐLÝST

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverju svæði fyrir sig í stuttu máli.



AKUREY



Friðlýsingarflokkur - Friðland

MARKMIÐ - STUÐLA AÐ VERND LÍFFRÆÐILEGAR FJÖLBREYTNÍ MEÐ ÞVÍ AÐ VERNDA ALÞJÓÐLEGA MIKILVÆGT FUGLASVÆÐI Í REYKJAVÍK

Akurey var friðlýst í maí 2019 og var fyrsta svæðið sem var friðlýst undir merkjum átaks í friðlýsingum. Akurey er einnig fyrsta friðlandið innan marka Reykavíkurborgar, þó fyrir séu mörg friðlýst svæði. Akurey er á Kollafirði, norðaustan við Seltjarnarnes. Eyjan er 6,6 hektarar að stærð, láglend og vel gróin. Akurey flokkast sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabýggð en í eyinni verpa ýmsir sjófuglar eins og lundi sem er langalgengastur, sílamáfur, æðarfugl og teista, jafnframt er Akurey mikilvæg vetrarstöð fyrir skarfa.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



GOÐAFOSS



Friðlýsingarflokkur - Náttúruvætti

MARKMIÐ - VERNDA SÉRSTÆÐAR NÁTTÚRUMINJAR, BREYTILEIKA JARÐMYNDANA OG FOSSINN SJÁLFA, M.A. MEÐ ÞVÍ AÐ VIÐHALDA NÁTTÚRULEGU VATNSRENNSLI Í FOSSINN, VEGNA FEGURÐAR OG SÉRKENNA OG ÚTIVISTARGILDI SVÆÐISINS

Goðafoss í Skjálfandafljóti var friðlýstur sem náttúruvætti þann 11. júní 2020. Goðafoss er einn af vatnsmestu fossum landsins og einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum Norðurlands. Hann greinist í tvo meginfossa og nokkra smærri. Ásýnd fossins er fjölbreytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð. Fossinn er 9-17 m hár og um 30 m breiður. Landið við vesturbakka Goðafoss heitir Hrótey og afmarkast hún af Hróteyjarkvísl sem greinist frá Skjálfandafljóti ofan við Goðafoss en sameinast fljótinu aftur alllangt neðar.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



GEYSISSVÆÐIÐ



Friðlýsingarflokkur - Náttúruvætti

MARKMIÐ - STUÐLA AÐ VARÐVEISLU SÉRSTÆÐRA JARÐMYNDANA, HVERA, ÖRVERA OG SÉRSTÆÐS GRÓÐURS Á HVERASVÆÐINU SEM ER EINSTAKUR Á LANDS- OG HEIMSMÆLIKVARÐA. JAFNRAMT TRYGGJA AÐ SVÆÐIÐ NÝTIST TIL FRÆÐSLU OG VÍSINDARANNSÓKNA.

Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar enda eitt fárra sem þekkt var í árhundruð. Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þeirra þekktastir.

Árið 2004 samþykkti Alþingi þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 en Geysissvæðið heyrði undir áætlunina og þar með var samþykkt að unnið yrði að friðlýsingu svæðisins. Árið 2016 breyttust forsendur talsvert og í kjölfar undirritunar kaupsamnings um kaup ríkisins á Geysissvæðinu hófst formlega undirbúningur að friðlýsingu svæðisins. Um mitt árið 2017 var ákveðið að setja málið á bið þar til kaup ríkisins á Geysissvæðinu væru endanlega frágengin, kaupverð ákveðið og afsal lægi fyrir. Geysissvæðið var friðlýst sem náttúruvætti þann 17. júní 2020 og lauk þá áralöngu friðlýsingarferli svæðisins.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



ÞJÓRSÁRDALUR



Friðlýsingarflokkur – Landslagsverndarsvæði

MARKMIÐ – VERNDA OG VARÐVEITA SÉRSTÆÐAR JAÐRMYNDANIR OG LANDSLAG SEM ER SÉRSTÆTT Á LANDSVÍSU VEGNA FAGURFRÆÐILEGS OG MENNINGARLEGS GILDIS.

Í janúar 2020 var hluti Þjórsárdals á Suðurlandi friðlýstur sem landslagsverndarsvæði. Innan svæðisins eru að auki þrjú þekktir staðir sem samhliða voru friðlýstir sem náttúruvætti, þ.e. Gjáin, Háifoss og Granni og Hjálparfoss. Svæðið í Þjórsárdal er fyrsta friðlýsing í friðlýsingarflokki landslagsverndarsvæða á Íslandi. Auk þess að vera fyrsta landslagsverndarsvæðið á Íslandi er friðlýsingin sú fyrsta sem fellur undir viðkvæm svæði undir álagi ferðamanna í friðlýsingaráttakinu.

Gjáin hefur verið vinsæll ferðamannastaður og er helsta aðdráttarafl hennar lítt röskuð náttúra og friðsæld. Hjálparfoss, Háifoss og Granni og Stöng eru einnig fjölsóttir ferðamannastaðir í Þjórsárdal. Friðlýsingunni er ætlað að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess. Í friðlýsingarskilmálum er tekið fram að þar sem hefðbundnar nýttjar eru forsenda fyrir því að varðveita einkenni landslagsins verður miðað að því að tryggja að þeim verði haldið við.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



KERLINGARFJÖLL



Friðlýsingarflokkur - Landslagsverndarsvæði

MARKMIÐ - VERNDA JARÐMINJAR, LANDSLAG, ÓBYGGÐIR OG ÁSÝND. VERNDUNIN NÆR TIL FÁGÆTRA JARÐMYNDANA, MEGINELDSTÖÐVAR, LANDSLAGSHEILDA, LÍFRÍKIS OG MENNINGARMINJA.

Kerlingarfjöll eru mikill fjallabálgur á miðhálandi Íslands, rétt sunnan Hofsjökuls. Umhverfisstofnun vísaði tillögu að friðlýsingu Kerlingarfjalla til umhverfis- og auðlindaráðherra til ákvörðunar í júní 2019. Í ágúst 2020 var friðlýsing Kerlingarfjalla og nærliggjandi svæða undirrituð og er svæðið alls um 344km². Áform um friðlýsingu hófust árið 2016 en sveitarfélagið Hrunamannahreppur hafði frumkvæði að samstarfi við undirbúning hennar. Margir hafa komið að verkefninu auk sveitarfélagsins s.s. Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Kerlingarfjallavínir. Kerlingarfjöll eru í hópi helstu náttúruperla landsins, vinsælt útivistarsvæði með mikið verndargildi. Kerlingarfjöll draga nafn sitt af móbergsdranga sem rís upp úr líparítskriðu sunnan í Tindi í vestanverðum fjöllum. Fjallaklasinn samanstendur af litríkum líparíttindum og stórbrotnu landslagi. Svæðið er megineldstöð og eitt af öflugri háhitasvæðum landsins. Í Hveradölum, einu helsta aðdráttarafli Kerlingarfjalla, hvína og sjóða fjölbreyttir og litríkir gufu- og leirhverir. Í kringum marga þeirra vex sérstæður og viðkvæmur gróður. Á svæðinu eru fjölmargar gönguleiðir, m.a. að jarðhitasvæðunum.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



BÚRFELL, BÚRFELLSGJÁ OG SELGJÁ




Friðlýsingarflokkur - Náttúruvætti

MARKMIÐ - VERNDA JARÐMYNDANIR, ELDHRAUN, ELDESTÖÐ OG HRAUNEHLLA SEM MYNDAST Hafa eftir að JÖKULL HVARF AF LANDINU Á SÍÐUJÖKULTÍMA.

Þann 25. júní 2020 var Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Gardabæ friðlýst sem náttúruvætti. Svæðið er mjög gott dæmi um jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísi og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Jafnframt er svæðið vinsælt útivistarsvæði. Búrfell og hrauntraðir frá gígnun, gjárnar og misgengi eru mjög áberandi í landi. Búrfell er stakur gjall- og klepragígur sem tilheyrir eldstöðvakerfi Krýsuvíkur. Snemma á nútíma fyrir um 8100 árum rann úr Búrfelli Búrfellshraun sem hefur breytilega ásýnd eftir svæðum. Innan svæðisins er talsvert af menningarminjum s.s. fjárskjól og seljarústir sem telja má einstakar í sinni röð, byggðar við gjárbarmana með baðstofum, eldhúsi, kvíum og stekkjum. Hluti svæðisins hefur verið friðlýstur sem hluti af Reykjanesfólkvangi síðan 1975.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



LÁTRABJARG



Friðlýsingarflokkur - Friðland

MARKMIÐ - VERNDA SÉRSTÆTT LÍFRÍKI LÁTRABJARGS OG BÚSVÆÐI FUGLA OG VIÐHALDA NÁTTÚRULEGU ÁSTANDI SVÆÐISINS OG LANDSLAGI.

Látrabjarg á sunnanverðum Vestfjörðum er eitt stærsta fuglabjarg Evrópu og flokkast sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Árið 2004 samþykkti Alþingi þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 en svæðið heyrir undir áætlunina og þar með var samþykkt að unnið yrði að friðlýsingu svæðisins.

Undirbúningur að friðlýsingu Látrabjargs hófst í janúar 2011 þegar bæjarstjóri Vesturbyggðar skipaði nefnd um framtíðarskipulag Látrabjargs. Umhverfisstofnun vísaði tillögu að friðlýsingu svæðisins til ráðherra í desember 2019. Látrabjarg var friðlýst sem friðland í mars árið 2021 og lauk þá áralöngu friðlýsingarferli svæðisins.

Friðlandið er um 37 km² að stærð og er bæði um verndarsvæði á landi og í hafi að ræða en mörk friðlandsins ná tvo kílómetra út í sjó frá ystu mörkum á landi. Náttúruvegurð svæðisins er mikil og við Látrabjarg er að finna menningarminjar auk þess sem jarðsaga Vestfjarða speglast í bjarginu.

Látrabjarg er mesta sjófuglabbyggð landsins og þar verpa margar tegundir fugla, þar á meðal tegundir sem flokkast sem ábyrgðartegundir Íslendinga og eru á válista. Lífríkið í sjónum við Látrabjarg er einnig afar fjölbreytt og mikilvægt fæðusvæði varpfugla í bjarginu.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



LUNDEY



 **UMHVERFIS**
STOFNUN

Friðlýsingarflokkur - Friðland

MARKMIÐ - STUÐLA AÐ VERND LÍFFRÆÐILEGAR FJÖLBREYTNÍ MEÐ ÞVÍ AÐ VERNDA ALÞJÓÐLEGA MIKILVÆGT FUGLASVÆÐI Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR AUK SÉRSTÆÐS GRÓÐURLENDIS

Lundey er í innanverðum Kollafirði milli Geldinganes og Brimness á Kjalarnesi. Lundey var friðlýst sem friðland þann 8. júní 2021. Eyjan er um 400 metra löng og um 150 metra breið þar sem hún er breiðust. Hún er lægst að austanverðu en hækkar til vesturs og er um 14 m.y.s. þar sem hún er hæst. Eyjan er að mestu úr grágrýti, algróin og stórþýfð.

Verndargildi Lundeyjar felst fyrst og fremst í stórrí sjófuglabýggð, einkum lundabýggð sem a.m.k. stundum getur talist alþjóðlega mikilvæg með yfir 10 þúsund pör. Þá eru allir algengustu varpfuglar eyjarinnar á valista, lundi, rita, æður og teista. Í Lundey er einnig að finna sérstætt gróðurlendi, gulstör í bland við haugarfa.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



SVÆÐI NORÐAN DYRFJALLA OG STÓRURÐ



Friðlýsingarflokkur - Landslagsverndarsvæði og náttúruvætti

MARKMIÐ - VERNDA OG VARÐVEITA SÉRSTÆÐAR JARÐMINJAR OG LANDSLAG SEM ER SÉRSTÆTT Á LANDSVÍSU VEGNA FAGURFRÆÐILEGS GILDIS. STANDA VÖRÐ UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ SVÆÐISINS MEÐ VERNDUN VISTKERFA OG STÝRINGU UMFERÐAR UM SVÆÐIÐ.

Svæði norðan Dyrfjalla var friðlýst sem landslagsverndarsvæði þann 2. júlí 2021 ásamt því sem Stóruurð var friðlýst sem náttúruvætti. Stóruurð er gömul skriða sem féll ofan í Urðardal sem einkennist af stórum björgum og stórgrýti. Innan um stórgrýtið eru litlar tjarnir og sléttir grasbalar. Stórgrýtið er úr móbergi sem á uppruna sinn í megineldstöðinni í Dyrfjöllum. Úr Stóruurð er mikilfenglegt útsýni, meðal annars á dyrnar í Dyrfjöllum sem er stórbrotin sjón. Nokkrar vistgerðir eru á svæðinu sem hafa hátt verndargildi og flokkast sem forgangsvistgerðir. Má þar nefna runnamýravist, starungsmýravist, gulstararflóavist, kjarrskógavist, lyngskógavist, kranspörungavötn og hrúðurkarlafjörur.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



FITJAÁ



 **UMHVERFIS
STOFNUN**

Friðlýsingarflokkur - Friðland

MARKMIÐ - VERNDA VÍÐLENT, SAMFELLT OG LÍTIÐ RASKAÐ
VOTLENDISSVÆÐI VIÐ FITJAÁ ÞAR SEM SKIPTAST Á MÝRAR OG FLÓAR,
VERNDA VISTGERÐIR OG BÚSVÆÐI ÁSAMT ÞVÍ AÐ STYRKJA VERNDUN
LÍFVERA SEM ERU SJALDGÆFAR EÐA Í HÆTTU

Þann 26. maí 2021 var Fitjaá í Skorradal friðlýst sem friðland. Friðlandið gegnir fjölbreyttu hlutverki í vistkerfum og er meðal annars mikilvægt búsvæði plöntu- og fuglategunda, það dregur úr áhrifum flóða og mengunar og eykur vatnsgæði straumvatna sem um það renna. Jarðvegur votlendisins er lífrænn og hefur hátt kolefnisinnihald og mikla vatnsgæymd. Ríkjandi æðplöntutegundir eru mýrarstör og gulstör og mynda þær eitt víðaáttumesta mýragróðursamfélagið á svæðinu en jafnframt er þar að finna fjölbreytt mýragróðursamfélög og vatnaplöntur. Starungsmýravist sem er helsta votlendisvistgerð svæðisins hefur mjög hátt verndargildi. Við ósa Fitjaár er jafnframt fjölbreytt fuglalíf. Lögð er áhersla á hátt verndargildi þess óspillta votlendissvæðis sem er við ósa Fitjaár.

Friðlandið er 0,88 km² að stærð.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



GERPISSVÆÐIÐ




Friðlýsingarflokkur – Landslagsverndarsvæði

MARKMIÐ - VERNDA LANDSLAG SVÆÐISINS, LÍFRÍKI, GRÓÐURFAR OG JARÐMINJAR. STANDA VÖRÐ UM ÁSÝND OG EINKENNI GERPISSVÆÐISINS ÁSAMT ÞVÍ AÐ UPPLIFUN GESTA VERÐI VARÐVEITT.

Þann 11. september 2021 var landslagsverndarsvæði á Gerpissvæðinu, milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar í Fjarðabyggð friðlýst. Hið friðlýsta svæði er 121,24 ferkílómetrar. Vinna við friðlýsingu svæðisins hófst um mitt ár 2019. Gerpissvæðið er landsvæði milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar þar sem áður voru blómlegar sveitir og sjósókn stunduð. Á 21. öldinni fóru byggðir svæðisins í eyði en friðsæld og stórbrotin náttúran stendur eftir. Fjölmargar sjaldgæfar plöntur er að finna á svæðinu og eru nokkrar þeirra skráðar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegundir í nokkurri hættu, s.s. stinnasef, skógelfting og lyngbúi. Margar vistgerðir eru innan svæðisins sem hafa hátt verndargildi, eru á lista Bernarsamningsins og flokkast sem forgangsvistgerðir, s.s runnamýravist og kjarrskógavist. Barðneseldstöðin tilheyrir Gerpissvæðinu og er elsta eldstöð Austfjarða og þar má finna elstu gróðurleifar á Austurlandi. Náttúruvættið Helgustaðanáma tilheyrir einnig svæðinu eins og Seley sem er skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði og er það eina þekktu varpsvæði helsingja á Austurlandi. Í Hellisfirði og Viðfirði er að finna kóralþörungum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir aðrar lífverur og hafa mjög hátt verndargildi.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



DRANGAR



Friðlýsingarflokkur - Óbyggð víðerni

MARKMIÐ - STANDA VÖRÐ UM UMFANGSMIKIÐ ÓBYGGT VÍÐERNI ÞAR SEM NÁTTÚRAN FÆR AÐ ÞRÓAST Á EIGIN FORSENDUM, VARÐVEITA OG VIÐHALDA ÓVENJULEGU, MIKILFENGLEGU OG FJÖLBREYTTU LANDSLAGI SEM OG VÍÐSÝNI.

Jörðin Drangar á Ströndum var friðlýst þann 26. nóvember 2021 og er er fyrsta landssvæðið á Íslandi til að verða friðlýst sem óbyggð víðerni, Friðlýsing Dranga á Ströndum var gerð að frumkvæði landeigenda og í minningu hjónanna Önnu Jakobínu Guðjónsdóttur og Kristins Halls Jónssonar er voru síðustu bændur á Dröngum. Hið friðlýsta svæði liggur austan Drangajökuls og er hluti af víðáttumiklu samfelldu óbyggðu víðerni á Vestfjörðum. Verndargildi svæðisins er mjög hátt á bæði íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða og felst fyrst og fremst í víðerni, tilkomumiklu landslagi og náttúruupplifun. Svæðið er 105 ferkílómetrar að stærð, þar af eru 9 ferkílómetrar í hafi. Friðlýsingunni er einnig ætlað að tryggja vernd jarðminja, vistkerfa og lífríki þeirra innan svæðisins. Þá miðar friðlýsingin að því að tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið, í kyrrð og ró, einstakrar náttúru þar sem náttúrulegir ferlar eru ríkjandi og beinna ummerkja mannsins gætir lítið eða ekkert.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.

STÆKKUN FRIDLÝSTRA SVÆÐA



Í ÁTAKI Í FRIDLÝSINGUM VORU

5 FRIDLÝST SVÆÐI STÆKKUÐ

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverju svæði fyrir sig í stuttu máli.



VARMÁRÓ SAR



Friðlýsingarflokkur - Friðland

MARKMIÐ - VERNDA OG VIÐHALDA FITJASEFI OG BÚSVÆÐI ÞESS SEM OG NÁTTÚRULEGU ÁSTANDI VOTLENDIS SVÆÐISINS ÁSAMT SÉRSTÖKU GRÓÐURFARI SEM ÞAR ER OG BÚSVÆÐI FYRIR FUGLA.

Varmárósar í Mosfellsbæ voru stækkaðir í mars 2021 úr 0,1 og í 0,3 ferkílómetrar að flatarmál. Varmárósar voru fyrst friðlýstir árið 1980 og friðlýsingin svo endurskoðuð árin 1987 og 2012, en svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá frá árinu 1978. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í því að þar er að finna fágæta plöntutegund, svonefnt fitjasef (*juncus gerardii*), auk þess sem sjávarfitjarnar eru sérstæðar að gróðurfari og mikilvægt vistkerfi fyrir fugla.

Með stækkuninni er svæðið sem friðlýsingin tekur til 0,3 ferkílómetrar að flatarmáli og hefur það markmið að vernda náttúrulegt ástand votlendis og sérstakan gróður sem á svæðinu er að finna. Varmárósar eru annar af tveimur þekktum fundarstöðum fitjasefs hérlendis en tegundin hefur verið á vâl-ista Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2018. Stækkað friðland Varmárósa nær yfir mikilvægt fæðusvæði ýmissa fuglategunda og búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



HLIÐ



UMHVERFIS
STOFNUN

Friðlýsingarflokkur – Fólkvangur

MARKMIÐ - TRYGGJA LANDSVÆÐI TIL ÚTIVISTAR OG ALMENNINGSNOTA OG AÐ VERNDA FUGLALÍF, BÚSVÆÐI FUGLA OG LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNIS SVÆÐISINS.

Hlið á Álftanesi var upphaflega friðlýst sem fólkvangur árið 2002. Í júní árið 2020 var fólkvangurinn stækkaður þar sem stækkunin tók til landsvæðis sem áður var gert ráð fyrir byggingarlóðum.

Aðgengi að svæðinu er gott og er það hluti af lífríku svæði og því ákjósanlegt til útikennslu. Innan svæðisins eru m.a. margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra sem eru ábyrgðartegundir á Íslandi og eru þær skráðar á viðauka II og III við Bernarsamninginn. Á svæðinu er einnig auðugt botndýralíf á grunnsvæði og lífríkar þangfjörur. Jafnframt eru friðlýstar menningarminjar (Skjónaleiði) innan fólkvangsins.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



GARÐAHRAUN



Friðlýsingarflokkur - Fólkvangur

MARKMIÐ - TRYGGJA AÐGENGI ALMENNINGS AÐ NÁTTÚRU SVÆÐISINS TIL ÚTIVISTAR, NÁTTÚRUSKOÐUNAR OG FRÆÐSLU Í ÞÉTTBÝLI. VERNDA JARÐMYNDANIR SEM ERU FÁGÆTAR Á HEIMSVÍSU, NÁTTÚRULEGT GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF.

Þann 7. september 2021 var fólkvangurinn Garðahraun efra í Garðabæ stækkaður. Garðahraun var friðlýst sem fólkvangur í apríl 2014. Það er hluti af Búrfellshrauni sem rann fyrir um 8100 árum og er talið sérstætt á heimsvísu. Á svæðinu sem bætist við fólkvanginn nú, á jaðri hraunsins við Hraunhóla, er helluhraun, en innar á hrauninu tekur við klumpahraun. Fólkvangurinn nær nú til Garðahrauns neðra, Garðahrauns efra, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella og er markmið friðlýsingarinnar að stækka fólkvanginn sem svæði til útivistar og almenningsnota og að ná fram skipulegri heildarmynd hraunsins.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



FLATEY



UMHVERFIS
STOFNUN

Friðlýsingarflokkur - Landslagsverndarsvæði

MARKMIÐ - VERNDA SÉRSTÆTT OG FJÖLBREYTT LÍFRÍKI SVÆÐISINS OG BÚSVÆÐI FUGLA, EINKUM VARPSVÆÐI FÁGÆTRA FUGLATEGUNDA.

Þann 11. ágúst 2021 var friðlandið í Flatey í Breiðafirði stækkað. Með viðbótinni er stærð friðlandsins tvöfölduð, í 1,62 km². Stækkunin er austan marka verndarsvæðis í byggð og nær til eyja, hólma og skerja suður af Flatey. Þar sem friðlandið nær í sjó fram tekur friðlýsingin til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols. Friðlandið er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem er verndað með sérlögum. Flatey er stærst Vestureyja á Breiðafirði og henni tilheyra alls 40 eyjar og hólmar. Austurhluti Flateyjar var friðlýstur árið 1975 vegna fuglaverndar. Líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og er þar að finna fjölskrúðugt fuglalíf sem byggist m.a. á fjölbreyttu fæduframboði, miklum fjörum og takmörkuðu aðgengi rándýra að svæðinu.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.



ÞJÓÐGARÐURINN SNÆFELLSJÖKULL



Friðlýsingarflokkur - Þjóðgarður

MARKMIÐ - VERNDA TIL FRAMTÍÐAR STÓRT OG LÍTT SNORTIÐ SVÆÐI SEM HEFUR AÐ GEYMA SÉRSTÆTT LANDSLAG, LÍFRÍKI OG JARÐMINJAR, ÞANNIG AÐ NÁTTÚRA FÁI EFTIR FÖNGUM AÐ ÞRÓAST EFTIR EIGIN LÖGMÁLUM.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi á Vesturlandi. Hann er um 183 km² að stærð og fyrsti þjóðgarður landsins sem nær að sjó. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Þann 28. júní 2021 á 20 ára afmæli þjóðgarðsins var hann stækkaður um 9% og bættist við hann svæði sem liggur norðan við jökulhettu Snæfellsjökuls og austan við núverandi þjóðgarðsmörk, frá jökli að Búrfelli og niður fyrir Dýjadalsvatn, þá nær nýja svæðið meðal annars yfir gamla þjóðleið, Prestagötu.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.

HVAÐ TEKUR VIÐ EFTIR FRIÐLÝSINGU?

Stjórnunar- og verndaráætlanir

Friðlýsing svæðis er í eðli sínu langtímaverkefni en mikilvægt er að stefnumótun að lokinni friðlýsingu sé skýr og að gert sé ráð fyrir fjármagni til uppbyggingar- og rekstrar. Með fyrirhyggju og framsýni er hægt að ná bæta gæði landvörslu og ná fram aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri svæða.

Aukið álag á náttúruna af völdum ferðamennsku hefur breytt landslagi náttúruverndar hraðar en flestum óraði fyrir. Mikil vinna er unnin á friðlýstum svæðum við rekstur og uppbyggingu en mikilvægasta skrefið í faglegri umsjón felst í að fljótt sé farið í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Í stjórnunar- og verndaráætlun er tekið mið af verndargildi viðkomandi svæðis og skýr stefna mótuð, m.a. hvað varðar verndaraðgerðir, uppbyggingu innviða, aðgengi, fræðslu og aðra þætti er snúa að því með hvaða hætti verndargildi svæðisins verði viðhaldið fyrir komandi kynslóðir.

Gerð stjórnunar- og verndaráætlana tekur við að loknu friðlýsingarferli en skv. lögum um náttúruvernd er á ábyrgð Umhverfisstofnunar að vinna slíka áætlun og skal vinna hefjast eigi síðar en einu ári eftir friðlýsingu. Auk þess kveður bráðabirgðarákvæði laganna á um þá skyldu stofnunarinnar að lokið verði við áætlanagerð fyrir öll friðlýst svæði í umsjón stofnunarinnar fyrir lok árs 2025. Í upphafi árs 2014 höfðu fjórar áætlanir tekið gildi en á vormánuðum 2022 eru þær orðnar 30.

Umhverfisstofnun tekur hlutverk sitt alvarlega að skila friðlýstum svæðum og íslenskri náttúru áfram til komandi kynslóða. Liður í því er að vinna og gefa út stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir öll friðlýst svæði í umsjá stofnunarinnar. Það verk verður ekki unnið af stofnuninni einni heldur koma að því fjölmargir samstarfsaðilar bæði á vegum hins opinbera og einkaaðilar. Allar raddir eru mikilvægar til að skapa árangursríka stefnu um framtíð náttúruverndarsvæða, ekki síst þeirra sem gefa sér tíma til að gera athugasemdir í vinnsluferlinu. Það er von Umhverfisstofnunar að áfram eigi sér stað gott samstarf um að marka framtíð náttúrunnar og náttúruverndar að leiðarljósi.

LOKAORÐ

friðlýsingar í framtíðinni

Átaki í friðlýsingum lauk formlega í lok árs 2021 þó enn sé unnið að nokkrum verkefnum sem hófust meðan á átakanu stóð, þ.e. að friðlýsingu Bessastaðaness (sem búið er að vísa til ráðherra), þriggja svæða í Reykjavík og að friðlýsingu hella í Þeistareykjahrauni. Í átakanu voru fjölmörg svæði skoðuð með tilliti til friðlýsinga en í sumum tilfellum var ekki raunhæft að ljúka þeirri vinnu. Í einhverjum tilfellum hafði mikil vinna farið fram og verkefnin langt komin en að endingu var ekki samhugur um að klára friðlýsingarferlið. Fallið var frá friðlýsingu svæðis milli Látrastrandar og Náttfaravíka á norðurlandi, Þjóðgarður á Vestfjörðum fór í biðstöðu þegar vinnu var að mestu lokið og -eins hefur tillaga að friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð verið sett í biðstöðu.

Almennt fá segja að friðlýsingavinna sé farsælt samstarf allra hlutaðeigandi og í flestum tilfellum má setta ólík sjónarmið með virku samtali sem miðar að því að ná sameiginlegri niðurstöðu. Helstu hindranir í framgangi friðlýsingaverkefna felast í að leita málamiðlana þegar ólíkir hagsmunir mætast. Eftir því sem stærri landsvæði eru undir í friðlýsingaferli því stærri verður hópur hagsmunaaðila og þeim mun meiri áskorun að ná fram sáttum hinna ólíku hópa. Það er þó ætíð markmið yfirvalda að vinna að sátt því með þeim hætti næst bestur árangur.

Með tilkomu laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var kynningu og málsmeðferð í tengslum við nýjar friðlýsingar breytt. Ekki hefur enn reynt á ferlið í heild þar sem vinna við B-hluta náttúruminjaskrár stendur enn yfir. Umhverfisstofnun bindur þó miklar vonir við að sú málsmeðferð sem sett er fram í lögnum verði árangursrík. Þar er gert ráð fyrir aðkomu sveitarstjórna, náttúruverndarnefnda, náttúrustofa, annarra opinberra aðila og hagsmunasamtaka snemma í ferlinu. Gera má ráð fyrir að aukið samtal við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagaðila í upphafi ferlisins geti bæði aukið áhuga á friðlýsingum sem og gagnkvæman skilning á þeim hagsmunum sem felast í náttúruvernd og hóflegri nýtingu, öllum til hagsbóta.

